

Inngilding íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnessýslu: Niðurstöður íbúafunda og könnunar 2024

SKÝRSLUHÖFUNDAR:

LÍNA BJÖRG TRYGGVADÓTTIR

NICHOLE LEIGH MOSTY

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Inngilding og samfélagsþróun	4
Framkvæmd og helstu niðurstöður og tillögur	5
Niðurstaða samráðs funda	6
Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum	7
Íbúa könnun – Greining á upplifun íbúa.....	15
Greining könnunar	16
Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa.....	27
Af hverju móttökuáætlun?	27
Hvað var gert ?	28
Hvað þarf til að þetta verði að veruleika?	29
Lokaorð	31
Heimildaskrá	34
Viðaukar	35
Viðauki I	35
Viðauki II	36

Inngangur

Þessi skýrsla inniheldur helstu niðurstöður vegna samráðsferlis er haldið var með íbúum í Uppsveitum Árnassýslu. Niðurstöðurnar eru fengnar bæði úr könnun sem var birt á samfélagsmiðlum og frá íbúafundum sem haldnir voru í júní 2024. Markmið þeirra var að fá fram skoðanir og tillögur íbúa um hvernig best væri að stuðla að inngildingu með sérstaka áherslu á íbúa með erlendan bakgrunn á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi fjögurra sveitarfélaga í Uppsveitum Árnassýslu: Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þau Lína Björg Tryggvadóttir, byggðaþróunarfulltrúi og Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri Heilsueflingar Uppsveita leiða verkefnið í heild. Sótt var um og fengin styrkur í nafni Heilsueflingar Uppsveita fyrir hluta verkefnisins. Ákveðið var að fá ráðgjöf frá sérfræðingi í inngildingu og málefnum innflytjenda til að efla og styrkja verkefnið og var Nichole Leigh Mosty fengin inn sem slíkur. Hún hefur víðtæka reynslu á þessu sviði en hún var forstöðumaður Fjölmenningsseturs í 2 ár ásamt því að hafa unnið að þróunarverkefnum bæði hér á landi og í Bandaríkjunum. Í þessu verkefni var mikilvægt að fá aðila sem gat leiðbeint um hvernig best væri að tryggja inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn, en Nichole hefur bæði faglega þekkingu og persónulega innsýn í hvernig slík inngilding getur stuðlað að betra samfélagi. Guðrún Ása Kristleifsdóttir fyrirverandi Heilsu- og tómstundafulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps, vann einnig á fundunum og tók þátt í að vinna að gerð íbúakönnunar sem var birt á samfélagamiðlum fyrir fundina.

Hlutfall íbúa með erlendan bakgrunn er talsvert mismunandi eftir sveitarfélögum í Uppsveitum. Samkvæmt gögnum Þjóðskrá (2023) er meðaltals hlutfallið 27,78%, en einstök sveitarfélög eru með eftirfarandi hlutföll: Í Bláskógabyggð eru 36,4% íbúa með erlendan bakgrunn í Hrunamannahreppi 31,8%, í Grímsnes- og Grafningshreppi 19,1%, og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er hlutfallið 10,4%. Þann 1. janúar 2024 búa samtals 3.317 manns í Uppsveitum Árnassýslu.

Gerð var könnun meðal íbúa Uppsveitum Árnassýslu í júní 2024 og var það hluti af verkefninu sem miðaði að því að meta upplifun og aðlögun íbúa með erlendan bakgrunn. Könnunin var opin á netinu og beindist að því að safna gögnum um félagslega þátttöku, aðgengi að þjónustu og upplifun af þjónustu sveitarfélaga og einnig sem búsetusvæði. Niðurstöður hennar veita mikilvægar vísbendingar um tækifæri til að bæta inngildingu og samfélagslega þátttöku í sveitarfélögunum.

Í kjölfarið voru haldnir fjórir fundir, einn í hverju sveitarfélagi og mættu um 60 manns samanlagt á fundina. Á fundunum fengu þátttakendur stutta kynningu um samstarf sveitarfélaganna, þ.m.t. á verkefnum Heilsueflandi Uppsveita og áformum um að efla samræður og þátttöku íbúa. Umræðuefni fundanna snerust meðal annars um atvinnumál, samfélagslega þátttöku og önnur málefni sem snerta daglegt líf íbúa. Gögnum var safnað með því að skrá niður ábendingar og tillögur fundargesta, sem skýrsluhöfundum ásamt samstarfsaðilum telja kæmi til að nýtast við áframhaldandi vinnu.

Verkefnið er hluti af atvinnumálastefnu Uppsveitanna þar sem fyrsta áhersla hennar er „*Þátttaka allra óháð uppruna*“. Sótt var um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands til að framkvæma verkefnið og hlaust styrkur að upphæð 400 þúsund krónur sem nýttur verður í Fjölmenningarhátíð sem haldin verður 3. nóvember 2024. Auk þess hlaut verkefnið styrk til viðbótar frá Lýðheilsusjóði að fjárhæð 600 þúsund krónur.

Inngilding og samfélagsþróun

Inngilding innflytjenda er nauðsynleg til að efla samstöðu og stuðla að jöfnum tækifærum til velgengni fyrir alla íbúa samfélagsins. Innflytjendur bera oft með sér einstaka hæfileika og nýstárlega hugsun, sem getur styrkt staðbundin hagkerfi og skapað fjölbreyttari atvinnutækifæri. Þar að auki eru það aðferðir í inngildingunni sem hafa jákvæð áhrif á félagslega samheldni, draga úr spennu og efla gagnkvæman skilning ólíkra menningarhópa. Með því að styðja við félagslega, menningarlega og efnahagslega inngildingunni íbúa með erlendan bakgrunn getur samfélagið notið góðs af nýjum og fjölbreyttum hugmyndum sem hafa sýnt fram á að knýja áfram vöxt (Burchardi, K., Chaney, T., ofl. 2021). Samfélagsþróun sem fylgir inngildingunni getur til dæmis stutt við og bætt aðgengi að nauðsynlegri þjónustu, svo sem menntun og heilsugæslu, sem eykur almenna velferð samfélagsins.

Þetta verkefni hefur skapað mikilvægan samráðsvettvang og jafnvel tækifæri fyrir sveitarfélög í Uppsveitinni til að tryggja að íbúar með erlendan bakgrunn verði virkir þátttakendur í nærsamfélaginu og þar með samfélagsþróun almennt. Samkvæmt skýrslu OECD „Skills and Labour Market Integration of Immigrants and Their Children in Iceland“, hefur Ísland verið með mestu fjölgun innflytjenda meðal OECD-landa á síðasta áratug en innflytjendur sem hafa flutt til Íslands hafa ekki fengið nægilega mikinn stuðning varðandi aðlögun að íslensku samfélagi (OECD. 2024). Þegar innflytjendur taka virkan þátt í samráði og ákvarðanatöku koma þeir með verðmæta innsýn sem endurspeglar þarfir breiðari hópa íbúa. Þetta leiðir til sanngjarnari stefnumótunar í þjónustuveitingu og upplýsingamiðlunar til íbúanna, sem á

endanum styrkir samfélagið í heild. Enn fremur, með því að fagna menningarlegri fjölbreytni, eflist sjálfsmýnd sveitarfélagsins og samfélögin verða líflegri og meira aðlaðandi fyrir bæði íbúa og gesti.

Framkvæmd og helstu niðurstöður og tillögur

Fundirnir voru uppbyggðir sem samráðsvettvangur þar sem þátttakendur fengu frjálsar hendur til að móta framtíðarsýn fyrir sveitarfélögin, byggða á hugmyndum um aðgerðir og verkefni sem hægt er að hrinda í framkvæmd nú þegar. Þátttakendum voru kynnt hugtök varðandi inngildingu, virka þátttöku og ábyrgð sveitarfélags, samfélags og einstaklings vegna inngildingar og samfélagsþróun. Þátttakendur fengu það hlutverk að ræða framtíðarsýn í uppbyggilegu samtali um hvernig hægt væri að þróa núverandi stöðu sveitarfélagsins og stefna að samfélagi sem byggir á samstöðu og inngildingu.

Þátttakendum var sýnd eftirfarandi fullyrðing :

„Árið 2035 búa 6.500 manns í Uppsveitum Árnessýslu (ÚÁ) og eru 40% þeirra af erlendum uppruna annaðhvort af fyrstu eða annarrar kynslóðar.

Uppsveitir Árnessýslu hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarsamfélag fyrir inngildingu þar sem íbúar lýsa ÚÁ sem eftirsóknarverðum búsetukosti.

(Mælanlegir mælikvarðar: Kjósendaþátttaka er mikil meðal allra íbúa, góð þátttaka á viðburði og samstarfsfundi, ánægja með þjónustu og fjölbreytni endurspeglast í atvinnulífi)“

Þátttakendum voru gefnar 45 mínútur til umhugsunar og umræðu þar sem markmið var að skilgreina hvað einkennir „fyrirmyndarsamfélag“ og hvernig komumst við þangað.

Helstu niðurstöður féllu undir þemanu virkni, samráð, og aukin tækifæri til að ná framförum á vinnumarkaði til að stuðla að bættri vellíðan og heilsu íbúa. Þátttakendur kölluðu eftir auknu samráði og tækifærum til lýðræðislegrar þátttöku bæði með formlegum og óformlegum aðgerðum. Sem dæmi má nefna fleiri opna fundi með kjörnum fulltrúum, stofnun innflytjendaráðs og aukin upplýsingamiðlun. Einnig var óskað eftir fleiri tækifærum til félagslegrar þátttöku og aðgerða sem sneru að bættri vellíðan og heilsu allra íbúa. Þátttakendur vildu líka sjá markvissa vinnu lagða í það að fagna og auka sýnileika fjölbreytileika innan sveitarfélaganna. Þátttakendur ræddu sérstaklega um ábyrgð sveitarfélaga að tryggja sanngjarna og öflugan menntun fyrir börn af erlendum uppruna.

Í tengslum við áherslu sem kemur fram í atvinnumálastefnu Uppsveitanna voru þátttakendur að kalla eftir auknum stuðningi tengdri atvinnu, hvort sem það væri aukinn aðgangur að íslenskukennslu og símenntun, aðstoð við atvinnuleit og þjónustu sem stuðlar að betri tækifærum á vinnumarkaði.

Niðurstaða samráðs funda

Í þessum kafla er að finna samantekt með 10 markmiðum og 40 aðgerðum sem þátttakendur töldu að myndi stuðla að því að sveitarfélögin gætu náð markmiðinu að verða „fyrirmyndarsamfélag“ í inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn.

Samráðsfundirnir sýndu fram á mikilvægi þess að efla samskipti og upplýsingagjöf til nýrra íbúa. Íbúar lögðu áherslu á að bæði sveitarfélögin og íbúar geti unnið saman að því að stuðla að aukinni samfélagsþátttöku og aðlögun. Aðgerðirnar sem voru ræddar á fundunum beinast að því að bæta tengsl milli íbúa, tryggja aðgang að upplýsingum og skapa umhverfi þar sem allir/öll íbúar geta tekið virkan þátt í samfélaginu.

Hugmyndir af verkefnum sem komu fram fela í sér aðgerðir sem stuðla að inngildingu, þar með talið aðgerðir sem fela í sér aukna samheldni, bæta þátttöku í stjórnsýslu, styrkja upplýsingagjöf og tryggja að íbúar með erlendan bakgrunn fái þann stuðning sem þeir þurfa til að taka virkan þátt í samfélaginu. Í eftirfarandi kafla verður farið yfir helstu tillögur og aðgerðir sem lagðar voru til á fundunum af þátttakendum, ásamt því hvernig hægt er að nýta þær til að byggja upp sterkara og fjölbreyttara samfélag.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum

1. Efling samfélagslegrar þátttöku og samheldni

Markmið: Að stuðla að aukinni samheldni og virkri þátttöku íbúa í samfélaginu.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Skipuleggja fjölbreytta viðburði sem ýta undir tengsl milli íbúa**, t.d. menningarviðburði, samverustundir, íþróttaviðburði og ýta undir sjálfboðaliðastarf.
- **Grillsvæði í görðum og útivistarsvæðum:** setja upp fleiri staði með fasta grillaðstöðu í almenningsgörðum og útivistarsvæðum. Setja upp viðhaldsfríar og umhverfisvænar grill aðstöðu með tilheyrandi borðum og bekkjum. Staðsetja slíkar aðstöðu nálægt leikvöllum, göngustígum eða tjaldstæðum þar sem fólk gæti komið saman til að grilla og njóta útiveru.
- **Hvetja íbúa til að koma saman í almenningsgörðum og halda opna grillviðburði:** sveitarfélagið seti fasta „Grilldaga“ á sumrin þar sem íbúar eru hvattir til að koma saman og grilla á opinberum stöðum. Aðkoma sveitarfélagsins fælist t.d. í því að útvegað kol eða gas fyrir slíka viðburði eða bara skapa hvatningu til að mæta með því að auglýsa dagana sem „Grilldaga“. Einnig væri hægt að sameina þetta við markaðsdaga eða tónlistarviðburði í görðunum.
- **Útbúa einfalt kerfi fyrir íbúa til að bóka og nota aðstöðu félagsheimilanna**, t.d. í formi skráningarkerfis á vefsíðu sveitarfélagsins þar sem hægt er að bóka grill- eða samkomusvæði fyrir sérstaka viðburði. Sveitarfélagið gæti jafnframt haft reglu um ókeypis eða niðurgreidda leigu fyrir slík viðburði til að stuðla að aukinni þátttöku.
- **Sveitarfélagið útbúi eða bætti opin svæði** með því að setja fleiri borð, bekki og aðstöðu sem rúmar stærri hópa í stærri görðum eða útivistarsvæðum. Það gæti einnig verið samnýtt með leiksvæðum eða íþróttaaðstöðu til að stuðla að fjölbreyttari samkomum, t.d. barnaafmælum eða vinahópum sem vilja halda viðburði.

- **Útvega húsnæði fyrir reglulega hittinga:** Sveitarfélagið útvegi aðstöðu, t.d. safnaðarheimili, félagsheimili eða aðrar samkomustofur einu sinni í mánuði fyrir samfélagsviðburði sem íbúar skipuleggja sjálfir. Sveitarfélagið útvegi húsnæðið án kostnaðar fyrir þátttakendur og sjá um skipulag að bóka viðeigandi húsnæði einu sinni í mánuði og auglýsa fyrir fram hvaða viðburðir eru á dagskrá. Markmiðið væri að búa til vettvang þar sem fólk getur komið saman í og kynnst hver öðru. **Dæmi um viðburði:** Spilakvöld, kvikmyndasýningar, handavinnu- eða þrjónaklúbbar, matarsamkomur þar sem fólk deilir heimagerðum réttum, eða bókaklúbbar þar sem umræður fara fram.
- **Þróun göngustíga bæði í þéttbýli og tengingu við náttúruleg svæði:** Þróa stígakerfi sem ýtir undir nær samfélags þróun þar sem það er líf í nærumhverfinu á eftirmiðdögum og um helgar. Að göngustígar séu líka gerðir fyrir upplifun og ekki bara til að komast til og frá vinnu.

2. - Virk þátttaka

Markmið: Stuðningur við þátttökur og símenntun. Tryggja að íbúar, sérstaklega ungt fólk og íbúar með erlendan bakgrunn hafi aðgang að nauðsynlegri ráðgjöf og stuðningi til að taka virkan þátt í atvinnulífi og samfélaginu.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Ráðgjöf og námskeið:** sveitarfélögin auglýsi og geri sýnilegri eða séu í samstarfi við aðila sem skipuleggi reglulega námskeið sem snúa að atvinnuleit, ferilskráargerð, vinnuréttindum og öðrum atriðum sem nýtast ungu fólki og íbúum með erlendan bakgrunn. Þessi námskeið gætu verið haldin á netinu eða með samstarfi við stofnanir sem þegar eru til staðar, t.d. símenntunarmiðstöðvar eða Vinnumálastofnun.
- **Samstarf við fyrirtæki á svæðinu:** sveitarfélagið vinni með fyrirtækjum á staðnum til að koma á formlegri tengingu við atvinnulífið. Fyrirtæki gætu boðið upp á störf eða starfsnám sem henta fólki á mismunandi aldri og bakgrunni, sérstaklega ungmennum og íbúum með erlendan bakgrunn. Einnig mætti halda atvinnudaga eða kynningarfundir þar sem fyrirtæki á svæðinu kynna störf og möguleika á starfsframa.
- **Tungumálanámskeið:** í samvinnu við fræðsluaðila eða Vinnumálastofnun gæti sveitarfélagið skipulagt námskeið í íslensku fyrir erlenda íbúa. Slík námskeið

gætu verið styttri námskeið sem eru sérsniðin fyrir fullorðna atvinnuleitendur til að hjálpa þeim að aðlagast íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Námskeiðin gætu verið haldin á kvöldin eða um helgar til að henta fólki í fullu starfi eða með aðrar skyldur. Með þessu eru sveitarfélögin að hvetja aðra vinnustaði til að vera með sín eigin örnámskeið sem myndu hvetja fólk til að nota íslensku í sínu vinnuumhverfi.

3. Aukið gagnsæi og upplýsingamiðlun

Markmið: Að tryggja að íbúar séu vel upplýstir um þjónustu og viðburði í sveitarfélaginu. (ATH umfjöllun um móttökuáætlun kemur síðar í skýrslunni) -

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Búa til sameiginlega upplýsingaveitu fyrir öll sveitarfélögin í Uppsveitunum.** Vefsíðan yrði miðlægur vettvangur þar sem öll viðeigandi gögn, upplýsingar, viðburðir, þjónusta og atvinnuauglýsingar væru aðgengileg á einum stað. Uppbygging vefsíðunnar: Sameiginlegt dagatal fyrir alla viðburði í sveitarfélögunum menningarviðburðir, íþróttir, námskeið eða samfélagsverkefni. Vefsíðan hefði sérstaka síðu fyrir atvinnuauglýsingar frá fyrirtækjum á svæðinu. Mögulegt samstarf við vinnuálastofnanir, velferðarsvið og atvinnurekendur á svæðinu til að tryggja að allar auglýsingar séu uppfærðar og aðgengilegar. Síðan ætti að veita allar upplýsingar sem nýir íbúar þurfa, þar á meðal upplýsingar um skóla, félagsþjónustu, sorphirðu, heilbrigðisþjónustu, samgöngur og fleira. Einnig mætti veita upplýsingar um hvaða gögn íbúar með erlendan bakgrunn þurfa að leggja fram við flutning, svo sem íbúaskráningu og aðgang að grunnþjónustu. Listi yfir íþróttafélög, tómstundarstarf, námskeið og annað sem tengist afþreyingu fyrir börn og fullorðna og upplýsingar um skráningu, tímasetningar og staðsetningu. Hagnýtar upplýsingar fyrir alla íbúa, útskýringar á þjónustu sveitarfélaganna, tengiliðaupplýsingar og aðra þætti sem gera daglegt líf einfaldara. Vefsíðan yrði fánleg á mörgum tungumálum og þannig tryggja að öll fái nauðsynlegar upplýsingar, óháð tungumálafærni.
- **Velkomið bréf sent til allra nýrra íbúa.** Senda bréf eða tölvupóst frá sveitarfélaginu þar sem nýir íbúar óháð uppruna eru boðnir velkomnir og upplýstir um þá þjónustu sem er í boði. Þetta bréf ætti að innihalda upplýsingar um hvað hægt

er að finna upplýsingar t.d QR kóða á upplýsingasíðu og upplýsingar um fjölmenningarfulltrúa og hvar skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett og símanúmer.

4. Ráð erlenda íbúa

Markmið: Að tryggja virkt samráð og stuðla að aukinn þátttöku íbúa.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Formlegt ráð undir sveitarstjórn:** ráðið yrði formlegur hluti af stjórnsýslunni undir beinni ábyrgð sveitarstjórnar. Það væri skipað af fulltrúum íbúa með erlendan bakgrunn ásamt sérfræðingum frá sveitarfélaginu (t.d. félagsráðgjöfum, ráðgjöfum í atvinnumálum, og sérfræðingum í menntamálum). Þessi fulltrúar gætu komið úr ólíkum þjóðfélagshópum til að tryggja fjölbreytt sjónarmið.
- **Ráðgjöf og samráð:** ráðið myndi vera formlegur samráðsaðili sveitarstjórnar í málum sem snerta íbúa með erlendan bakgrunn og það myndi tryggja að mál og þarfir þeirra væru rædd innan stjórnsýslunnar áður en ákvarðanir eru teknar. Ráðið myndi þannig virka sem brú milli íbúa með erlendan bakgrunn og sveitarstjórnar og tryggja að þeirra sjónarmið og þarfir væru tekin til greina og komið á framfæri í stefnumótun sveitarfélagsins.

5. Stuðningur við inngildingu nýrra íbúa

Markmið: Að styðja nýja íbúa við gagnvirka aðlögun í samfélaginu (t.d. íbúi fái viðeigandi stuðning við að aðlagast og samfélagið taki mið af þörfum nýrra íbúa samhliða því).

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Nýta núverandi þjónustur sveitarfélagsins** - sveitarfélagið nýti núverandi félagsráðgjafa, ráðgjafa eða fulltrúa sem starfa við félagsþjónustu þannig að þjónusta þeirra sé sýnilegri í samfélaginu. Fólk geti leitað þangað til fá aðstoð varðandi aðlögun, og við að finna réttu þjónustuna innan sveitarfélagsins ásamt gagnleg upplýsingar um hvernig sé hægt tengja þá við vinnumarkaðinn.
- **Setja upp sérstaka viðtalstími mánaðarlega eða árlega.** Sérstakir tímar séu skilgreindir fyrir nýja íbúar óháð uppruna til að koma með spurningar um þjónustu, atvinnumál, húsnæðismál eða önnur praktísk mál.
- **Samstarf sveitarfélagsins við t.d. Vinnumálastofnun, símenntunarmiðstöðvar og Mannréttindaskrifstofu Íslands sé sýnilegra.** Sveitarfélagið hafi upplýsingar

sýnilegri til að tryggja betra aðgengi að þjónustu sem stendur þeim til boða hjá þessum stofnunum.

- **Mánaðarleg blöð sveitarfélagana** séu í boði á fleiri tungumálum. Prentuð eintök séu aðgengileg.
- **Sveitarfélagið hvetji hópa** eins og kvenfélög, Lions etc. um að halda opna fundi fyrir nýja íbúa. Þannig fundir séu allavegana einu sinni á ári og eru sérstaklega auglýstir svo að nýir íbúar óháð uppruna viti að þeir séu velkomnir og að fundirnir séu auglýstir á allavegana tveimur tungumálum.

6. Aukinn stuðningur við menntun og þjálfun fyrir starfsfólk sveitarfélaga ásamt frekari stuðningi við íslensku

Markmið: Að auka aðgengi íbúa með erlendan bakgrunn að menntun og starfsþjálfun, sérstaklega fyrir þá sem starfa eða eru í þjónustu hjá sveitarfélögunum.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Styrkja tungumálskennslu fyrir starfsfólk sveitarfélags:** og tryggja að í boði séu fleiri íslenskunámskeið á ýmsum þrepum og leitast við starfstengda íslenskukennslu til að styrkja starfsmenn og þannig sýna frumkvæði í verki og efla möguleika þeirra á að þróast í starfi hjá sveitarfélaginu. Með þessum hætti er sveitarfélagið einnig að veita gott fordæmi fyrir fyrirtæki á svæðinu.
- **Menntun fyrir börn:** Tryggja að börn með erlendan bakgrunn fái stuðning í skólakerfinu, þar með talið sérstök íslenskutengd námsúrræði, t.d. námsver fyrir nemendur sem eru að læra tungumálið. Einnig væri hægt að bjóða eldri borgurum sem hafa áhuga velkomna til að lesa á íslensku fyrir börnin á vissum tímum.

7. Fjölmenningsarsamfélag og viðurkenning á fjölbreytni

Markmið: Að stuðla að fjölbreytni og inngildingu fyrir alla íbúa.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Fjölmenningsarhátíð:** Halda árlega fjölmenningsarhátíð þar sem mismunandi hópar íbúa kynna sína menningu, t.d. í formi matar, tónlistar og dansa. Slíkir viðburðir gætu eflt gagnkvæma virðingu og samkennd meðal íbúa.

- **Viðurkenning fjölbreytileika:** Efla inngildingu með því að innleiða fjölbreytni í viðburði, þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gæti boðið upp á viðurkenningar fyrir framúrskarandi þátttöku í að stuðla að fjölbreytni í samfélaginu.
- **Sameiginlegur fjölmennningarfulltrúi fyrir Uppsveitir:** Starfsmaður í fullu starfi sem fjölmennningarfulltrúi. Almennu er mælt til þess að sveitarfélag móti sterka framlínu sem veiti öllum íbúum skýrar og réttar upplýsingar um opinbera þjónustu, auk helstu upplýsinga um nær þjónustu og viðburði. Stuðningur við slíka framlínu væri að ráða inn starfsmann sem hefði það hlutverk að hafa yfirsýn yfir móttöku og stuðning við inngildingu nýrra íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu. Æskilegt er að sveitarfélögin í Uppsveitum Árnassýslu myndu í sameiningu byggja upp slíka framlínu og ráði sameiginlegan starfsmann sem veiti sviðum og stofnunum stuðning. Um leið hefur sá starfsmaður yfirsýn yfir fjölmenningartengd mál, og utanumhald um upplýsingagjöf varðandi það sem er að gerast í sveitarfélögunum.
- Umsjón með framlínuþjónustu og upplýsingamiðlun.
- Umsjón með innleiðingu og framkvæmd móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa af erlendum uppruna sem og flóttafólks.
- Umsjón fræðsluáætlunar fyrir starfsfólk í framlínu í Uppsveitum Árnassýslu (jafnvel starfsfólk sveitarfélaganna almennt) vegna menningarnæmis og jafnréttismála.
- Umsjón með upplýsingamiðlun á ýmsum tungumálum á vefsíðu sveitarfélaga.
- Hafa yfirsýn yfir fjölmennningarleg verkefni þvert á fagsvið og sveitarfélaga.
- Halda utan um tölulegar upplýsingar um fjölbreyttan bakgrunn og samsetningu íbúa sveitarfélaga.
- Vera tengiliður við félagasamtök í nærumhverfi og hafa umsjón með verkefnum sem varða málefni innflytjenda eða félagslega viðburði sem stuðla að tengslum milli íbúa af ólíkum uppruna.
- Hafa yfirsýn yfir framboð á íslenskukennslu og túlkþjónustu í nærumhverfi.
- Vera starfsmaður / verkefnastjóri ráðs erlendra íbúa með ábyrgð á utanumhaldi fundargerða og miðlun upplýsinga tengdum starfsemi ráðsins.

8. Stuðningur við heilsueflingu og vellíðan

Markmið: Að bæta heilsu og lífsgæði íbúa með aukinni áherslu á hreyfingu, vellíðan og heilsueflingu.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Heilsuviðburðir:** Sveitarfélagið skipuleggi heilsutengda viðburði eins og gönguferðir, hlaupa- eða hjólakeppni, hreyfidaga fyrir fjölskyldur eða íþróttaviðburði fyrir alla aldurshópa til að stuðla að betri heilsu og félagslegri samheldni í samfélaginu.
- **Hvatning til hreyfingar:** Bjóða upp á ókeypis aðgang að líkamsræktaraðstöðu í sveitarfélaginu fyrir tiltekna hópa. Bæti einnig aðgengi að göngu- og hjólastígum og setji upp hvatninga upplýsingaskilti um heilsu og hreyfingu til að hvetja íbúa til að hreyfa sig.
- **Fræðsluviðburðir um heilsu:** Halda fræðsludaga um andlega og líkamlega heilsu, þar sem sérfræðingar kynna leiðir til að bæta vellíðan, lífsstíl og mataræði. Þetta gæti verið í formi fyrirlestra, vinnustofa eða hagnýtra námskeiða fyrir fólk á öllum aldri. Passa þarf að íbúar með erlendan bakgrunn hafi einnig aðgang að því varðandi tungumál og upplýsingar.

9. Reglulegir íbúafundir

Markmið: Að tryggja áframhaldandi samráð og samskipti við íbúa.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Íbúafundir:** Skipuleggja árlega eða hálfárslega íbúafundi til að fá ábendingar frá íbúum og veita upplýsingar um framvindu verkefna sveitarfélagsins. Fundirnir gætu verið bæði almennir og sérhæfðir eftir málaflokkum, svo sem um umhverfismál, innflytjendamál, eða þróun atvinnulífs.
- **Samráð á netinu:** Til að tryggja að allir/öll íbúar geti tekið þátt mætti einnig bjóða upp á „tillögukassa“ á heimasíðu þar sem íbúar geta komið með ábendingar og hugmyndir.

10. Viðburðir fyrir alla aldurshópa

Markmið: Að bjóða upp á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa.

Hugmyndir að aðgerðum frá íbúum:

- **Viðburðir fyrir börn:** Skipuleggja leiki, íþróttaviðburði og fræðsluviðburði fyrir börn eins og ævintýraferðir, útilegur, heimsóknadaga í sveitina fyrir börn sem búa í þéttbýliskjörnum eða vísindadaga.
- **Viðburðir fyrir ungmenni:** Halda viðburði eða tryggja að áhugasamtök skipuleggi viðburði sem snúa að áhugasviðum ungmenna eins og tónlistarviðburði, kvikmyndakvöld eða tölvuleikja- og spilakvöld.
- **Viðburðir fyrir eldri borgara:** Halda viðburði eða tryggja að áhugasamtök skipuleggi viðburði fyrir eldri borgara eins og gönguferðir, bókaklúbba, spilakvöld eða þrjónakvöld þar sem eldri borgarar geta hist og haft samskipti í afslöppuðu umhverfi.

Íbúa könnun – Greining á upplifun íbúa

Könnunin sem var framkvæmd meðal íbúa í Uppsveitum Árnassýslu í júní 2024 var hluti af verkefni um móttökuáætlun á vegum sveitarfélaganna í Uppsveitum. Lína Björg Tryggvadóttir byggðarþróunarfulltrúi, Gunnar Gunnarsson verkefnastjóri Heilsueflandi Uppsveita og Guðrún Ása Kristleifsdóttir tómstundafulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps sáu um framkvæmd könnunarinnar. Könnunin gefur góða innsýn í upplifun íbúa með erlendan bakgrunn og hvernig þeir tengjast samfélaginu, sérstaklega í tengslum við velferðarþjónustu, inngildingu, tækifæri til þátttöku og upplifun af Uppsveitunum sem stað til búsetu. Hins vegar ber að hafa í huga að svörunin var ekki mikil, þar sem aðeins 101 þátttakandi af 3.438 íbúum svaraði eða um 3% af heildaríbúafjöldanum. Þar að auki var svörun á milli sveitarfélaganna ekki jöfn, sem getur haft áhrif á túlkun niðurstaðna og getur takmarkað almenn gildi þeirra fyrir öll sveitarfélögin í Uppsveitunum.

Að auki var ekki um formlegt úrtak að ræða, heldur var könnunin opin á vefnum og byggði á því sem kallast sjálfbóðaúrtak (e. volunteer sampling). Þessi aðferð gefur öllum jafnan kost á að taka þátt, en hætta er á að einstaklingar sem eru ekki dæmigerðir fyrir þýðið veljist frekar í úrtakið. Það er vegna þess að þátttaka krefst ákveðins frumkvæðis og áræðni, sem gæti leitt til þess að niðurstöðurnar endurspegli betur viðhorf þeirra sem eru meira tengdir samfélaginu eða hafa sterkari skoðanir á viðfangsefninu. Þetta getur leitt til þess að sumar raddir, sérstaklega þeirra sem eru minna virkir eða eiga erfitt með að taka þátt, heyrast ekki í niðurstöðunum (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2021).


Þrátt fyrir þessar takmarkanir gefur könnunin þó mikilvægar vísbendingar um upplifun bæði íslenskra íbúa og íbúa með erlendan bakgrunn um hvers konar áskoranir sveitarfélagið stendur frammi fyrir varðandi aðgengi, upplýsingagjöf og inngildingu. Sveitarfélagið gæti þurft að beita markvissari aðferðum í framtíðarkönnunum til að tryggja að fleiri íbúar svari könnuninni til að fá betri sýn á viðhorfi íbúanna.

Greining könnunar

1. Í hvaða sveitarfélagi býrð þú?

98 Responses

● Bláskógabyggð	45
● Grímsnes- og Grafningshreppi	12
● Hrunamannahreppi	26
● Skeiða- og Gnúpverjahreppi	11
● Bý annars staðar en vinn í Uppsveitunum	4




Flestir þátttakendur eða 46% búa í Bláskógabyggð. Um 27% þátttakenda búa í Hrunamannahreppi, 12% í Grímsnes- og Grafningshreppi og 11% í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um 4% þátttakenda búa annars staðar en vinna í Uppsveitunum.

2. Hvaðan kemur þú?

100 Responses

● Íslandi	44
● Vestur- Evrópu / Norðurlöndunum	20
● Austur Evrópu / Eystrasaltlöndunum	27
● Suður Evrópu	5
● Miðausturlöndum / Norður- Afríku	0
● Asíu	0
● Norður / Mið-Ameríku	1
● Suður- Ameríku / Karbíahafi	1
● Afríka sunnan Sahara	0
● Mið/Suður Kyrrahafi /Eyjaálfu	1
● Blandaður uppruna /þjóðerni	1




Meirihluti svarenda eru Íslendingar að uppruna. Næst stærsta hópurinn er frá Austur-Evrópu/Eystrasaltlöndum og svo er þriðji stærsti hópurinn frá Vestur-Evrópu /Norðurlöndum.

3. Hve lengi hefur þú búið á Íslandi

99 Responses


● minna en 1 ár	0
● 1-3 ár	11
● 4-10 ár	25
● meira en 10 ár	63



4. Hve lengi hefur þú búið í uppsveitunum

99 Responses

● minna en 1 ár	3
● 1-3 ár	15
● 4-10 ár	28
● meira en 10 ár	47
● Ég bý ekki í Uppsveitunum	6




64% þátttakenda hafa búið á Íslandi lengur en 10 ár og 25% hafa búið á Íslandi í 4-10 ár og 11% í 1-3 ár.

47% hafa búið í Uppsveitum í meira en 10 ár, og 28% hafa búið þar í 4-10 ár. Um 15% hafa búið í Uppsveitum í 1-3 ár, og 6% búa ekki í Uppsveitunum en starfa þar.

5. Kyn

100 Responses

● Karl	32
● Kona	65
● Annað	3




Flestir þátttakenda eru konur eða 65% en 32% eru karlar og 3% skilgreina sig sem annað.

6. Aldur




Þátttakendur eru nokkuð jafnt dreifðir á aldurshópana 18-29 ára, 30-39 ára, og 40-49 ára, en elstu hóparnir, 60-69 ára og 70 ára eða eldri, eru í minnihluta.

7. Hjúskaparstaða



8. Áttu börn




Um 56% þátttakenda eru í hjónabandi, 24% eru í sambúð, og 16% eru einhleyp. Á meðan eiga 67% þátttakenda börn, en 33% eiga ekki börn.

9. Ert þú með bakland/stuðning í samfélaginu?

101 Responses

● já, ég á fjölskyldu á svæðinu	45
● Já, ég á vini á svæðinu	58
● já, ég hef stuðning af vinnufélögum	29
● Nei, ég er ekki með neitt bakland	13




Samkvæmt könnuninni er meirihluti þátttakenda eða 40% með vini á svæðinu sem stuðning. Um 31% þátttakenda hafa fjölskyldu á svæðinu sem bakland og 20% þátttakenda segjast fá stuðning frá vinnufélögum sínum. Hins vegar hafa 9% þátttakenda ekkert bakland í samfélaginu, sem bendir til að nokkur hluti fólks er án náinna tengsla við aðra í nærumhverfinu.

10. Ert þú eða börn á þínum vegum í skipulögðu frístundastarfi? (með frístundastarfi er átt við íþróttir, hvers kyns félagsstarfsemi, skáta, björgunarsveit, kór, ofl. sem sótt er utan vinnu og skóla)

99 Responses

● Já, ég er í frístundastarfi	42
● Barn á mínum vegum er í frístundastarfi	18
● Nei, ég/við erum ekki í frístundastarfi	50




Um 45% þátttakenda eru ekki sjálfir í eða með börn í skipulögðu frístundastarfi. Hins vegar taka 38% þátt í slíku frístundastarfi sjálfir og 16% þátttakenda segjast eiga barn sem er í frístundastarfi.

Niðurstöður úr spurningum níu og tíu gefa til kynna að stór hluti þátttakenda treystir á vini sem stuðningsnet í samfélaginu en aðeins minna en helmingur þeirra tekur þátt í eða hefur börn í skipulögðu frístundastarfi. Nokkuð stór hópur þátttakenda, bæði varðandi félagsleg tengsl og þátttöku í frístundastarfi, virðist þó ekki tengjast samfélaginu á þennan hátt.

11. Veist þú hvar Velferðarþjónusta Árnespings er staðsett?

99 Responses


● Já	30
● Nei	69



12. Veist þú hvaða þjónustu Velferðarþjónusta Árneshings veitir?

99 Responses

● Já	27
● Nei	72




Niðurstöður úr könnuninni varpa ljósi á athyglisverða stöðu varðandi velferðarþjónustu í Uppsveitum Árneshings. Samkvæmt könnun vita 70% þátttakenda ekki hvar Velferðarþjónusta Árneshings er staðsett og enn hærri hlutfall, 73%, veit ekki hvaða þjónusta er veitt þar. Þetta er áhyggjuefni, sérstaklega þar sem um 50% þátttakenda eru Íslendingar, fólk sem mætti ætla að væri betur upplýst um staðbundna þjónustu sem á að styðja við velferð samfélagsins.

Samkvæmt niðurstöðunum er brýnt að sveitarfélagið grípi til aðgerða til að auka vitund meðal íbúanna um velferðarþjónustuna, meðal annars með því að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar, skýrar og aðgengilegar á fleiri tungumálum. Þetta getur bæði styrkt samfélagið og tryggt að þeir sem þurfa á þjónustu að halda fái hana þegar þörf krefur.

13. Hvernig metur þú eftirfarandi fullyrðingar á skalanum "mjög ósammála" til "mjög sammála"?

98 Responses

● Mjög ósammála ● Ósammála ● Hvorki né ● Sammála ● Mjög sammála



a. Sveitarfélagið tekur vel á móti nýju fólki með mismunandi bakgrunn:

- **Mjög ósammála (9,3%)** og **ósammála (11,3%)** samanlagt er þetta um 20% þátttakenda sem eru ekki sáttir með móttöku sveitarfélagsins á fólki með erlendan bakgrunn.
- Stór hluti, **hvorki né (36,1%)**, er hlutlaus, sem bendir til þess að upplifun þátttakenda á móttökunni sé ekki mjög sterk í aðra hvor áttina.
- Um **43,3%** eru sammála eða mjög sammála því að sveitarfélagið taki vel á móti nýju fólki, sem bendir til þess að viðhorfið sé nokkuð jákvætt meðal sumra íbúa, en það má einnig sjá að næstum jafn stór hópur er annað hvort hlutlaus eða hefur ekki jákvæða upplifun af þessu. Má einnig spyrja sig að því hvort að það séu innfæddir Íslendingar sem tóku þátt í könnuninni sem hafi svarað þessari spurningu svona.

b. Mér finnst tækifæri til að sækja þjónustu í samfélaginu vera eins fyrir alla:

- Það er áhyggjuefni að **38,3%** þátttakenda eru ósammála eða mjög ósammála því að tækifæri til að sækja þjónustu sé eins fyrir alla. Hér þyrfti að skoða hvort að aðgengi að

upplýsingum eigi hlut að máli og hvort að fólk upplifi að það hafi ekki sömu þjónustu innan sveitarfélagsins.

- **28,7%** þátttakenda eru hlutlausir, en aðeins **33%** eru sammála eða mjög sammála. Þessi dreifing bendir til þess að sveitarfélögin þurfi mögulega að bæta aðgengi að þjónustu eða upplýsingum fyrir alla íbúa, bæði innfædda Íslendinga og íbúa með erlendan bakgrunn.

c. Mér finnst tækifæri til þátttöku í samfélaginu vera eins fyrir alla:

- Stórt hlutfall, **45,2%**, er ósammála eða mjög ósammála því að tækifæri til þátttöku séu jöfn fyrir alla. Þetta bendir til þess að margir íbúar, mögulega þeir sem eru íbúar með erlendan bakgrunn upplifi að þeir hafi ekki sömu möguleika á að taka þátt í samfélaginu.
- Aðeins **32,6%** eru sammála eða mjög sammála og **22,1 %** svarar hvorki né. Það er ljóst að hér er talsverður munur á viðhorfum.

d. Þeir sem vinna hjá sveitarfélaginu koma eins fram við alla:

- **30,5%** þátttakenda eru ósammála eða mjög ósammála því að starfsfólk sveitarfélagsins komi eins fram við alla, sem bendir til þess að næstum þriðjungur þátttakenda upplifi einhvers konar ójöfnuð eða mismunun í framkomu. Þetta er áhyggjuefni, sérstaklega ef þetta viðhorf er algengara meðal fólks með erlendan bakgrunn. Það gæti bent til þess að þessi hópur upplifi sig öðruvísi meðhöndlaðan í samskiptum við sveitarfélagið eða að þeir telji aðgang að þjónustu mismunandi eftir bakgrunni.
- **33,7%** þátttakenda eru sammála eða mjög sammála, sem gefur til kynna að annar þriðjungur upplifir að starfsfólk sveitarfélagsins komi fram við alla á jafnan hátt.
- **35,8%** eru hlutlausir, sem bendir til þess að stór hluti þátttakenda hafi hvorki sterka jákvæða né neikvæða upplifun af því hvernig sveitarfélagið kemur fram við fólk. Þetta gæti þýtt að margir íbúar hafa ekki haft næga reynslu af beinum samskiptum við sveitarfélagið til að mynda sér ákveðna skoðun, eða að þeir upplifi framkomuna sem almenna og hlutlausa.

e. Mér finnst ég hafa verið útilokaður frá vissum þáttum samfélagsins:

- Stór hluti þátttakenda, **31,2%**, er mjög ósammála því að hafa verið útilokaður frá ákveðnum þáttum samfélagsins, og **24,7%** eru ósammála. Samanlagt gefur þetta til

kynna að **55,9%** upplifi ekki útilokun, sem er jákvætt merki um inngildingu innan samfélagsins.

- **29%** þátttakenda eru hlutlausir í þessu máli, sem bendir til þess að þeir hafi ekki sterkari upplifun í eina eða aðra átt.
- **15,1%** þátttakenda eru sammála eða mjög sammála um að hafa upplifað útilokun, sem bendir til þess að ákveðinn hópur, líklega að hluta til íbúar með erlendan bakgrunn finni fyrir því að vera ekki fullgildir þátttakendur í öllum þáttum samfélagsins.

f. Mér finnst ég mega beita rödd minni til að hafa áhrif á samfélagið:

- **24,8%** eru ósammála eða mjög ósammála því að þeir geti haft áhrif á samfélagið, en stærri hópur, **39,8%**, telur sig geta haft áhrif, sem er jákvætt merki um þátttökumöguleika.
- **35,4%** eru hlutlausir, sem bendir til þess að margir eru óákveðnir eða hafa ekki reynslu af því að taka virkan þátt í ákvörðunum samfélagsins.

g. Ég myndi mæla með sveitarfélaginu mínu sem stað þar sem inngilding er höfð að leiðarljósi

- Um **18%** þátttakenda telja að inngilding sé ekki nægilega sterk innan sveitarfélagsins. Þetta bendir til þess að ákveðinn hópur, mögulega íbúar með erlendan bakgrunn teljið að inngilding sé ekki höfð að leiðarljósi eða hefur neikvæða reynslu af samskiptum við samfélagið.
- **43,8%** þátttakenda eru hlutlausir, sem er stærsti hópurinn í þessu tilfalli. Þetta gæti bent til þess að margir eru ekki vissir um hvernig sveitarfélagið stendur sig í þessum efnum eða að þeir hafa ekki nógu sterka reynslu af inngildingu til að taka afstöðu. Þetta gæti líka þýtt að margir íbúar hafa takmarkaða vitneskju eða reynslu af stefnu sveitarfélagsins í þessum málum.
- **25,8%** þátttakenda eru sammála og **12,4%** mjög sammála því að sveitarfélagið sé staður þar sem inngilding er höfð að leiðarljósi. Samanlagt gefur þetta til kynna að um **38,2%** þátttakenda hafi jákvæða sýn á inngildingu sveitarfélagsins og telja að það sé staður þar sem allir/öll fá tækifæri til að tilheyra og taka þátt óháð bakgrunni eða aðstæðum.

h. Mér finnst ég tilheyra samfélaginu sem ég bý í.

- **8,6%** þátttakenda eru mjög ósammála og **15,1%** ósammála því að þeir tilheyri samfélaginu. Samanlagt þýðir þetta að **23,7%** þátttakenda upplifa sig ekki sem hluta af samfélaginu. Ef þessi svörun er heimfæð á íbúafjölda þá gæti þetta bent til þess að næstum fjórðungur þeirra finni fyrir félagslegri einangrun eða takmarkaðri tengingu við samfélagið. Hins vegar var svörun ekki mikil í könnuninni og því erfitt að draga slíkar ályktanir. Hins vegar gæti þetta bent til þess að það þyrfti að hlúa vel að fólki með erlendan uppruna sem hefur ekki verið lengi í samfélaginu og eiga erfitt með að lagast.
- **20,4%** þátttakenda eru hlutlausir og hafa ekki sterka skoðun á þessu, sem gæti bent til þess að þessi hópur upplifi hvorki sterk tengsl né útilokun frá samfélaginu.
- Hins vegar eru **35,5%** þátttakenda sammála og **20,4%** mjög sammála því að þeir tilheyri samfélaginu. Þetta er mjög jákvætt, þar sem **55,9%** þátttakenda finnur fyrir sterkum tengslum við samfélagið. Þessi hópur upplifir sig sem hluta af samfélaginu og líður vel innan þess, sem er mikilvægt til að stuðla að félagslegri samheldni og virkri þátttöku.

i. Ég sé fyrir mér að búa ennþá í sveitarfélaginu eftir tvö ár

- **8,8%** þátttakenda eru mjög ósammála og **6,6%** eru ósammála því að þeir sjái fyrir sér að búa áfram í sveitarfélaginu eftir tvö ár. Samanlagt eru því **15,4%** þátttakenda sem virðast ekki hafa í hyggju að dvelja lengi í Uppsveitum. Þetta gefur til kynna að ákveðinn hópur íbúa, sem gæti meðal annars verið fólk af erlendum uppruna eða fólk sem er óánægt með aðstæður sínar, leitar eftir öðrum búsetumöguleikum.
- **19,8%** þátttakenda eru hlutlausir varðandi framtíðar búsetu sína, sem bendir til þess að töluverður hluti íbúa sé óviss um það hvort þeir muni búa áfram í Uppsveitum. Þetta gæti stafað af óvissu um framtíðaráform, atvinnumöguleika eða félagslegar aðstæður.
- Hins vegar eru **34,1%** sammála og **30,8%** mjög sammála því að þeir muni enn búa í sveitarfélaginu eftir tvö ár. Samanlagt gefur þetta til kynna að **64,9%** þátttakenda hafi jákvæða framtíðarsýn á búsetu sína í sveitarfélaginu og sjái fyrir sér að halda áfram að búa þar. Þetta er jákvæð niðurstaða sem bendir til að meirihlutinn sé ánægður með búsetu sína í Uppsveitum.

j. Mér finnst auðvelt að fá upplýsingar um frístundastarf í sveitarfélaginu.

- Aðeins **41,3%** þátttakenda eru sammála eða mjög sammála því að það sé auðvelt að fá upplýsingar um frístundastarf, á meðan **30,4%** eru ósammála eða mjög ósammála. **28,3%** þátttakenda eru hlutlausir sem gæti bent til þess að þeir hafi ekki leitað mikið eftir upplýsingum eða hafi ekki reynslu af þeim. Þetta bendir til þess að það gæti verið þörf á betri upplýsingagjöf um frístundastarf í sveitarfélaginu.

k. Mér finnst ég hafa tækifæri til að nýta reynslu mína og menntun í samfélaginu

- **14%** þátttakenda eru mjög ósammála og **16,1%** eru ósammála því að þeir hafi tækifæri til að nýta reynslu sína og menntun í samfélaginu. Samanlagt eru því **30,1%** þátttakenda sem telja að þeir fái ekki næg tækifæri til að nýta hæfileika sína og menntun. Ef við heimfærum þetta á íbúa í Uppsveitum þá væri hægt að draga ályktun að nærri þriðjungur myndi finna fyrir því að hæfni þeirra sé ekki fullnýtt eða að samfélagið bjóði ekki upp á nægilega möguleika til að virkja þessa færni. Hins vegar er svörun í þessari könnun ekki mikil og því erfitt að draga svo stóra ályktun.
- **31,2%** þátttakenda eru hlutlausir, sem bendir til þess að stór hluti íbúa hafi hvorki jákvæða né neikvæða skoðun á þessu. Það gæti verið að þeir hafi ekki verið í aðstæðum þar sem reynsla þeirra eða menntun hafi verið prófuð, eða að þeir hafi ekki nógu mikla reynslu af þátttöku í samfélaginu til að taka afstöðu.
- **24,7%** þátttakenda eru sammála, og **14%** mjög sammála því að þeir hafi tækifæri til að nýta reynslu sína og menntun. Samanlagt er þetta **38,7%** þátttakenda sem upplifa að þeir geti nýtt hæfileika sína í samfélaginu, sem er jákvætt merki um að samfélagið býður upp á tækifæri fyrir nokkurn fjölda íbúa til að leggja sitt af mörkum með sérþekkingu eða hæfni.

Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa

Í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda 2022–2025, sem var samþykkt af Alþingi þann 16. júní 2022, er lagt upp með að sveitarfélög vinni að gerð móttökuáætlunar fyrir íbúa með erlendan bakgrunn. Markmið þessarar áætlunar er að stuðla að því að nýir íbúar finni að þeir séu velkomnir og fái stuðning við aðlögun að íslensku samfélagi. Auk þess er markmið aðgerðarinnar að tryggja að fjölmenningssjónarmið og hagsmunir íbúanna séu samþætt í stefnumótun og þjónustu sveitarfélaga. Þetta fellur saman við þær áherslur sem fram koma í lögum um samþættingu aðgerða á sviði málefna innflytjenda, sem leggja áherslu á að íbúar með erlendan bakgrunn eigi kost á fullnægjandi þjónustu sem byggir á jöfnum réttindum og virkri þátttöku í samfélaginu (sbr. lög nr. 116/2012).

Samkvæmt samþykktri framkvæmdaáætlun (2022) er sveitarfélögum falið að móta eigin móttökuáætlanir í samræmi við leiðbeiningar stjórnvalda, þar sem lögð er áhersla á samvinnu við félags- og menntastofnanir til að auðvelda aðlögun innflytjenda og auka samfélagsþátttöku þeirra .

Móttökuáætlunin fyrir nýja íbúa óháð uppruna er samstarfsverkefni unninn af vinnuhópi sem skipað var af sveitarfélögunum. Byggðapróunarfulltrúi sá m.a. um að skrifa skýrsluna og halda utan um hópinn.

Í hópnum eru:

- Anna Katarzyna Wozniczka – Grímsnes- og Grafningshreppi
- Kamil Lewandowski – Bláskógabyggð
- Nina Faryna - Hrunamannahreppi
- Sara Anna Mária Herczeg – Skeiða- og Gnúpverjahreppi
- Lína Björg Tryggvadóttir – Byggðapróunarfulltrúi.

Af hverju móttökuáætlun?

Vinna að móttökuáætlunin fyrir alla nýja íbúa óháð uppruna var sett af stað með það markmið að stuðla að markvissari aðlögun og inngildingu nýrra íbúa í sveitarfélögum Uppsveita Árnessýslu. Verkefnið byggir á mikilvægi þess að allir íbúar, óháð uppruna, fái sömu tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Í samræmi við lög um jafnréttismál skulu sveitarfélög tryggja að móttökuáætlunin komi í veg fyrir mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, kyns eða annarra þátta, til að stuðla að jöfnu aðgengi að þjónustu og þátttöku í samfélaginu (Jafnréttisstofa, 2022). Þörfin fyrir móttökuáætlunina kom berlega í ljós eftir íbúakönnun og

vinnufundi sem framkvæmdir voru í maí til lok júní 2024, þar sem kom fram að íbúar með erlendan bakgrunn upplifa takmarkað aðgengi að upplýsingum og þjónustu.

Í Atvinnumálastefnu Uppsveitanna (2023) er áhersla lögð á að tryggja þátttöku allra í Uppsveitunum óháð uppruna. Stefnan leggur einnig áherslu á að fjölga tækifærum á atvinnumarkaði, nýsköpun og bæta innviði til að tryggja jöfn tækifæri fyrir alla íbúa, óháð bakgrunni þeirra. Með því að þróa móttökuáætlun er stefnt að því að bæta samskipti og upplýsingamiðlun, tryggja inngildingu og skapa samfélag þar sem öll fá jöfn tækifæri til þátttöku.

Hlutverk sveitarfélaga við móttöku nýrra íbúa

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við móttöku og aðlögun nýrra íbúa af erlendum uppruna. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum lögum sem snúa að grunnþjónustu, ber sveitarfélögum að tryggja að allir íbúar hafi jafnan aðgang að þjónustu óháð uppruna. Móttaka nýrra íbúa er mikilvægt fyrsta skref í því ferli að byggja upp jákvæða tengingu við samfélagið. Það er á ábyrgð sveitarfélaga að veita upplýsingar um réttindi og skyldur nýbúa, auk þess að tryggja að upplýsingar og aðgengi að grunnþjónustu eins og menntun, heilsugæslu og félagsþjónustu sé skýrt og aðgengilegt á viðeigandi tungumálum. Með góðri móttökuáætlun er stefnt að því að nýir íbúar finni fyrir stuðningi frá fyrsta degi og aðlögun þeirra að samfélaginu verði farsæl. Þannig er einnig stuðlað að því að koma í veg fyrir félagslega einangrun og skapa umhverfi þar sem virðing fyrir fjölbreytileika og inngildingu er höfð að leiðarljósi (Fjölmenningssetur, e.d).

Hvað var gert ?

Áætlanagerðin var bæði unnin af vinnuhópi vegna móttökuáætlunar en einnig byggist hún á niðurstöðu vinnufunda sem haldnir voru með íbúum í sveitarfélögunum og könnunar. Safnað var saman upplýsingum um þarfir og tillögum til að bæta samfélagslega þátttöku og aðgengi að þjónustu.

1. **Aðgengi að upplýsingum:** Mikilvægi þess að nýir íbúar hafi auðveldan aðgang að upplýsingum um samfélagið með einum aðgengilegum vef þar sem allar upplýsingar varðandi þjónustu, menningu og viðburðir eru fyrir öll sveitarfélögin í Uppsveitum . Auglýsingar settar upp með QR-kóða þannig að fólk eigi auðvelt með að finna síðu.
2. **Valdefling:** Rætt var um að valdefla íbúa með erlendan bakgrunn á þeirra forsendum, ekki vinna ofan frá heldur hafa samráð við íbúa. Mikilvægt að búa til ráð erlendra íbúa.

3. **Tungumálakennsla:** Sérstök áhersla var lögð á að tryggja aðgengi að íslenskunámskeiðum.
4. **Samfélagsleg tengsl:** Stofna vettvang þar sem nýir íbúar óháð uppruna geta hist reglulega og mynda tengsl

Öll þessi atriði komu fram á fundum er erlendum íbúum og voru þau atriði sem mest var rætt um.

Hver eru næstu skref?

Næstu skref í gerð móttökuáætluninni felast í því að tryggja fjármagn til að verkefnið geti orðið að veruleika. Uppsveitirnar þurfa að ráða a til starfa fjölmenningsfulltrúa (sjá tillögu 7 á bls. 11-12 í skýrslunni) til að leiða verkefnið og tryggja að heimasíða verði unnin og að hún verði gerð aðgengileg og aðlaðandi. Hugmynd vinnuhópsins er að heimasíðan nýtist sem handbók og upplýsingasíða fyrir Uppsveitir. Þannig verður móttökuáætluninni haldið lifandi og hún gagnvirk. Ef þessi leið er samþykkt þurfa fulltrúar sveitarstjórna í Uppsveitum að samþykkja ferlið og setja fjármagn í innleiðingu svo að innleiðing móttökuáætlunar verði að veruleika. Setja þarf tímasetta áætlun um innleiðingu síðunnar og hvernig skal staðið að markasetningu hennar. Mikilvægt að það komi fram að heimasíðuna verður einnig hægt að nota til að kynna þjónustu, menningu og íþróttir, námskeið og aðra afþreyingu.

Fyrirhugað ferli við að kynna og innleiða heimasíðu er:

- **Kynna upplýsingarnar:** Fá sérfræðing í vefsíðugerð til að styðja við uppsetningu og setja upp notendavæna vefsíðu. Síðar þarf og prenta út kynningarefni með QR-kóðum sem vísa á upplýsingarnar.
- **Innleiða formleg viðmið:** Setja á fót verklagsreglur fyrir sveitarfélögin um hvernig tekið er á móti nýjum íbúum.
- **Skipuleggja kynningarfundir:** Hafa reglulega íbúafundi þar sem nýir íbúar óháð uppruna geta kynnt sér hvað í boði í samfélaginu, hitt aðra íbúa og fengið upplýsingar um stöðu verkefna í sveitarfélaginu.
- **Tryggja eftirfylgni:** Halda áfram með upplýsingagjöf og stuðning.

Hvað þarf til að þetta verði að veruleika?

Til að áætlunin verði að veruleika er þörf á staðfesting um fjármagni og stuðningi sveitarfélaganna. Fjárfesting í betri upplýsingatækni og stöðugildi vegna fjölmenningsfulltrúa

sem kæmi til að sjá um heimasíðu, skipulagning viðburða og samvinna við fyrirtæki og fræðsluaðila er nauðsynleg til að tryggja að markmið um inngildingu náist. Styrkir hafa verið veittir frá Uppbyggingarsjóði og Lýðheilsusjóði sem gerði það að verkum að hægt var að byrja verkefnið myndarlega, en áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur.

Bréf til nýrra íbúa!

Tryggja þarf að allir/öll nýir íbúar óháð uppruna fái bréf eða tölvupóst frá sveitarfélaginu, þar sem þeir eru boðnir velkomnir og upplýstir um þá þjónustu sem er í boði. Þetta bréf ætti innihalda allar helstu upplýsingar um þjónustuna og hvernig þeir geta nýtt sér hana, auk tengla á gagnlega vefi eins og síðu Fjölmenningsseturs mcc.is. Tillaga að uppsetningu bréfs er í viðauka I.

Áframhaldandi stuðningur

Áframhaldandi stuðningur við áætlunina felur í sér að sveitarfélögin vinni markvisst að því að skapa gott umhverfi fyrir nýja íbúa óháð uppruna með því að tryggja samráð og auka aðgengi að upplýsingum og þjónustu. Með því að skipuleggja reglulega íbúafundi og fjölmenningsviðburði verður hægt að mæta þörfum nýrra íbúa.

Samantektin á þessari vinnu og áætlun sýnir að það sem hefur verið gert hingað til er aðeins byrjun á því að byggja upp sterkara, samheldnara samfélag fyrir alla íbúa sveitarfélaganna í Uppsveitum.

Í viðauka II koma fram tillögur að því hvaða upplýsingar sveitarfélögin þurfa m.a. að setja fram á nýrri upplýsingasíðu.

Tillögur að sýnileika

Lagt er til að móttökuhandbókin verði aðgengileg í formi nýs heimasíðu, sem auðvelt er að uppfæra reglulega. Vefurinn ætti að vera aðgengilegur á nokkrum tungumálum, til dæmis með aðstoð GTranslate. Til að auka sýnileika upplýsinganna er lagt til að útbúin verði plaggöt með QR kóða sem verði hengd upp á opinberum stöðum. Plaggötin gætu innihaldið skilaboðin „Ert þú nýr íbúi í Uppsveitum? Finndu upplýsingar hér!“ og QR kóðinn myndi vísa beint á heimasíðuna með viðeigandi upplýsingum.

Lokaorð

Tilgangur verkefnisins og samráðsferlisins var að fá fram sjónarmið íbúa, með sérstaka áherslu á íbúa með erlendan bakgrunn, um nauðsynlegan stuðning og þróun í þjónustuveitingu þegar fólk flytur í Uppsveitir Árnassýslu. Þegar samfélag tekur örum breytingum vegna fólksfjölgunar sem og samsetning íbúa er mikilvægt að öðlast betri sýn á þarfir íbúa og hvaða úrbótatækifæri liggja í móttöku og þjónustu við íbúa. Með því að gefa íbúum tækifæri til að deila þeirra upplifun af þjónustu í nærsamfélaginu verður sveitarfélaginu gert kleift að mynda markvissar aðgerðir sem væntanlega koma til að stuðla að virkri þátttöku meðal íbúanna.

Tillögur og hugmyndir að aðgerðum sem eru lagðar fram í þessari skýrslu kæmu til með að gagnast sveitarstjórnarfólki og stjórnendum innan sveitarfélaga sem eru ábyrgar fyrir þjónustu, upplýsingamiðlun, þróunarverkefnum og félagslegaviðburði. Niðurstöður bentu til þess að íbúar hafði frekar jákvæð viðhorf til síns sveitarfélags, þjónustu eða inngildingu, en að ýmis tækifæri eru til staðar sem stuðla að inngildingu, bættri velferð og félagslegri tengingu íbúanna. Þegar spurt var í könnun um hvort fólk sæi fram á að dvelja í Uppsveitunum eftir tvö ár var yfir 60% sem svaraði jákvætt. Hins vegar koma fram vísbendingar um hluti sem endurspeglar áskoranir sem koma til vegna breytinga sem eru tengdar fjölgun og samsetningu íbúanna.

Íbúar sem tóku þátt bæði í samráðsfundinum og könnun voru með ákall vegna íslenskukennslu og tækifæra til að þjálfa og nota íslensku í nærsamfélaginu. Þátttakendur töldu að með aukinni og markvissari áherslu á íslensku myndu sveitarfélögin styðja betur við félagslega þátttöku sem og tækifæri til virkni og framfara á atvinnumarkaði. Einnig var ákveðið viðhorf um að aukinn stuðningur og samstarf við atvinnurekendur (vinnumarkaðar) gæti stuðlað að frekari þróun í atvinnulífi sem gæti haft jákvæð áhrif á styrkingu samfélags og þar með auknum staðbundnum hagvexti. Sveitarfélög hafa hlutverki að gegna sem atvinnurekendur með sínu starfsfólki sem eru jafnvel íbúar, og er þeim í lófa lagt að setja gott fordæmi um inngildingu á vinnustaðnum t.d. með auknum stuðningi við starfsfólk sem er að læra íslensku og innleiðingu verkefna sem efla notkun íslensku á vinnustöðum sem eru reknir af sveitarfélögum.

Niðurstöðurnar sýndu einnig fram á að fólk vill fá bætt aðgengi að upplýsingum og aukna upplýsingamiðlun. Lagt er til að sveitarfélag styðji við og fjárfesti í verkefninu um móttökuáætlun fyrir nýja íbúa. Með mótun slíks verkfæris gefst tækifæri til að endurskoða og uppfæra upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga, almenna þjónustu og hvernig sveitarfélag

tryggir aðgengi að upplýsingum. Þó að tillagan snúist um að koma á fót öflugri móttökuvefsíðu er mikilvægt tækifæri fyrir sveitarfélög að endurskoða hvernig er staðið að þjónustu við að veita beinar upplýsingar á staðnum, stafrænar leiðir hjá undirstofnum / fagsviðum innan sveitarfélaga og jafnvel prentlega miðlun. Miðlun upplýsinga í sveitarfélögum skiptir sköpum hvað varðar inngildingu og ábyrgð til að tryggja að allir þegnar samfélagsins hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um þjónustu og úrræðum sem stendur þeim til boða. Skilvirk samskipti við íbúa hjálpa til við að brúa bil milli ólíkra hópa, efla skilning og auka frekar íbúavirkni. Upplýsingamiðlun tryggir að jaðarsettir og viðkvæmir íbúar séu ekki út undan, eykur félagslega samheldni og samfélagsþol (social resilience) (icma.org, 2024). Með því að veita aðgengilegar og viðeigandi upplýsingar geta samfélög styrkt einstaklinga til að taka meiri þátt í félagslegu, efnahagslegu og pólitísku lífi, sem leiðir til betri árangurs fyrir alla (Terras, Jarrett og McGregor. 2021). Fjármögnun þarf að nota til að koma á fót sérstakri móttökuvefsíðu er í raun fjárfesting í skilvirkari upplýsingamiðlun til allra íbúa.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 bera sveitarfélög á Íslandi ábyrgð á að tryggja að íbúar hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu. Þetta felur í sér að veita skýrar leiðbeiningar um þjónustu sveitarfélaga, svo sem að sveitarfélög haldi uppi gagnsæi og auðveldi almenningi aðgang að upplýsingum til að efla samfélagsþátttöku, þar með talið þá sem eru með fötlun eða tungumálahindranir. Hugmynd um að sveitarfélög í Uppsveitum ráði til sín fjölmenningsfulltrúa til að annast verkefnið og halda utan upplýsingasíðu er leið til að tryggja markvisst utanumhald um upplýsingamiðlun til íbúanna óháð uppruna varðandi þjónustu og mikilvægar upplýsingar á vegum sveitarfélaga og sömuleiðis leið til að tryggja það að sveitarfélögin hafi yfirsýn á þróun sem tengist inngildingu og þjónustu við íbúa með erlendan bakgrunn. Þar sem það er mikið samstarf milli sveitarfélaga í Uppsveitunum væri það góð nýting á fjármagni að nota bæði vefsíðuna og fjölmenningsfulltrúa sem miðju er varðar upplýsingamiðlun og gagnaöflun tengdri fjölmenningu og inngildingu.

Að lokum vilja skýrsluhöfundar taka fram að samstarfsfundir og kannanir hafi lagt traustan grunn að eflingu og gagnvirkri samfélagsþróun með þátttöku íbúa. Þessar samkomur og viðleitnin í kringum þær hafa auðveldað opna umræðu, gert fleiri röddum og sjónarmiðum kleift að heyrast og verið felld inn í raunhæfar aðgerðir og tillögur. Með því að forgangsraða inngildingu hafa sveitarfélögin tekið fyrstu skrefin í að styrkja samfélagsstengsl og efla íbúa, ásamt því að hvetja þá til að taka ábyrgð og sýna frumkvæði. Áframhaldandi samstarf sveitarfélagana mun án efa stuðla að sjálfbærri þróun í samheldnara samfélagi. Mælt er með

að leita leiða til að viðhalda þessu samstarfi og byggja á þeim árangri sem þegar hefur náðst, ef vilji er til staðar til að ná sameiginlegum markmiðum um inngildingu íbúa, óháð uppruna, í Uppsveitum Árnessýslu.

Heimildaskrá

- Burchardi, K., Chaney, T., Hassan, T., Tarquinio, L., & Terry, S. (2021). *Immigration, Innovation and Growth*, National Bureau of Economic Research, Cambridge, MA. https://nber.org/system/fildes/working_papers/w27075/w27075.pdf
- Fjölmennningarsetur. (e.d.). *Móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna*. Fjölmennningarsetur. <https://wp.mcc.is/wp-content/uploads/2023/03/mcc-mottokuskjal-spreads.pdf>
- ICMA org. (2024). *How to Facilitate Inclusive Community Outreach and Engagement*. <https://icma.org/articles/pm-magazine/how-facilitate-inclusive-community-outreach-and-engagement>
- Jafnréttisstofa. (2022). *Skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögum um stjórnáætlun jafnréttismála*. Jafnréttisstofa. <https://www.jafnretti.is/static/files/Landsfundur/skyldur-sveitarfelaga-samkvaemt-logum-.pdf>
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðarfræði* (bls. 205-2019). Háskólinn á Akureyri.
- Lög um breytingar á lögum um útlendinga nr. 116/2012. (2012). Alþingi. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.116.html>
- OECD (2024). *Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland, Working Together for Integration*, OECD Publishing, Paris, <http://doi.org/10.1787/96acdc300-en>
- Terras, M., Jarrett, D., og McGregor, S. (2021). The Importance of Accessible Information in Promoting the Inclusion of People with and Intellectual Disability. *Disability* 2023 1 (3), 132-150. <https://doi.org/10.3390/disability1030011>
- Uppsveitir Árnassýslu. (2023). *Atvinnumálastefna Uppsveita Árnassýslu: Samþykkt júní 2023*. <https://www.sveitir.is/media/23/atvinnumalastefna-uppsveita-samthykkt-juni-2023.pdf>
- Þjóðskrá Íslands. (22.08. 2023). Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum og landshlutum í ágúst 2023. <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2023/08/22/Hlutfall-erlendra-rikisborgara-efir-sveitarfelogum-og-landshlutum-i-agust-2023/>.
- Þingsályktun um framkvæmdáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025, nr. 1364/152. löggjafarþing. (2022). Alþingi. <https://www.althingi.is/altext/152/s/1364.html>

Viðaukar

Viðauki I

Tillaga að bréfi til nýrra íbúa

Nafn

Heimilisfang

Hello and welcome to Uppsveitir Árnessýslu – Sveitarfélag

We would like to inform you of the location of our local service office. You are welcome to make an appointment or to visit during opening hours to receive information about services available to you. Our services are free of charge. Find us in xxxx xx, x rd floor. Opening hours are Monday to Fridays 08:00-15:00. We are closed on weekends.

Email:

Telephone:

Website:

Facebook page:

More information about living in Iceland: <https://mcc.is/living-in-iceland>

www.[sveitarfelag].is

Viðauki II

Vinnuhópur um móttökuáætlun vann upplýsingar sem þau töldu að væri nauðsynlegar til að tryggja að nýir íbúar fái greiðan aðgang að helstu upplýsingum um þjónustu sveitarfélaganna, sem gæti stuðlað að hraðari aðlögun og inngildingum. Með því að hafa upplýsingar aðgengilegar á einum stað er auðveldara að veita íbúum nauðsynlegan stuðning, bæta samskipti og tryggja jafnan aðgang að þjónustu óháð tungumálafærni eða bakgrunni. Þetta stuðlar að betra upplýsingaflæði og félagslegri þátttöku í samfélaginu.

Listi er ekki tæmandi ásamt því að upplýsingar um tómsundur, viðburði og annað þarf að bæta inn í.

1. Réttindi og skyldur

Réttindi og skyldur einstaklinga eru skýr samkvæmt lögum. Réttindi segja til um hvers einstaklingur getur krafist af samfélaginu en skyldur segja til um hvaða kröfur samfélagið getur gert til einstaklings. Upplýsingar um réttindi og skyldur fólks má nálgast á vef Island.is

Upplýsingar um fyrstu skrefin við að búa á Íslandi er hægt að finna á vef [Fjölmenningsseturs](#)

Hægt er að fá [ráðgjöf hjá Fjölmenningssetri](#) varðandi fyrstu skrefin í að búa og lifa á Íslandi

2. Sveitarfélögin

Bláskógabyggð

- Staðsetning skrifstofu - Félagsheimilið Aratungu – S: 480-3001
- Heimasíða - <https://www.blaskogabyggd.is/>
- Facebooksíða - <https://www.facebook.com/blaskogabyggd>
Netfang – blaskogabyggd@blaskogabyggd.is-
- [Sorp og endurvinnsla](#)
- [Ertu að flytja í sveitarfélagið?](#)
- [Fréttabréf Bláskógabyggðar](#)

Grímsnes- og Grafningshreppur

- Staðsetning skrifstofu – Stjórnsýsluhúsinu Borg S:480-5500
- Heimasíða- <https://www.gogg.is/>
- Facebooksíða – <https://www.facebook.com/grimsnesoggrafningshreppur>
- Netfang – gogg@gogg.is
- [Gagnleg símanúmer](#)
- [Sorp og endurvinnsla](#)
- [Ertu að flytja í sveitarfélagið?](#)

Hrunamannahreppur

- Staðsetning skrifstofu - Akurgerði 6 Flúðir – S:480-6600
- Heimasíða- <https://www.fludir.is/>

- Facebooksíða – <https://www.facebook.com/hrunamannahreppur>
- Netfang – hruni@fludir.is
- [Sorp og endurvinnsla](#)
- [Fréttabréf Hrunamannahrepps](#)

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- Staðsetning skrifstofu - Félagsheimilið Árnesei S: 486-6100
- Heimasíða - <https://www.skeidgnup.is/>
- Facebooksíða - <https://www.facebook.com/SkeidaOgGnupverjahreppur>
- Netfang – skeidgnup@skeidgnup.is
- [Sorp og endurvinnsla](#)
- [Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps](#)

3. Skólar

Grunnskólaárið hefst í lok ágúst og lýkur í byrjun júní.

Almennar upplýsingar um Grunnskóla er að finna á [Ísland.is](#)

Bláskógabyggð

- Grunnskólinn Bláskógaskóli Laugarvatni-
<https://blaskogaskoli.is/grunnskoladeild/>
- Frístund Bláskógaskóli Laugarvatni -
<https://blaskogaskoli.is/grunnskoladeild/fristundaskolinn-fristundo/>
- Leikskólinn Laugarvatni - <https://blaskogaskoli.is/leikskolinn/dagsskipulag/>
- Reykholtsskóli - <https://reykholtsskoli.is/>
- Frístund Reykholtsskóli- <https://reykholtsskoli.is/fristund/>
- Leikskólinn Álfaborg - <https://alfaborg.leikskolinn.is/>
- Skólaakstur - Skólaakstur er skipulagður úr Þingvallasveit og Laugardal.
- Frístundastyrkur - <https://www.blaskogabyggd.is/is/thjonusta/ithrottir-og-utivist/fristundastyrkur-1>

Grímsnes- og Grafningshreppur

- Grunnskólinn Kerhólsskóli - <https://www.kerholsskoli.is/>
- Frístund - <https://www.kerholsskoli.is/fristund>
- Leikskóladeild - <https://www.kerholsskoli.is/leikskoli>
- Skólaakstur- <https://www.gogg.is/is/stjornsysla/reglur/reglur-um-skolaakstur>
- Tómsundastyrkur - <https://www.gogg.is/is/frettir/lydheilsu-og-tomstundastyrkur>

Hrunamannahreppur

- Grunnskólinn – Flúðaskóli - <https://www.fludir.is/is/thjonusta/skolar-og-born/fludaskoli>
- Leikskólinn Undraland- <https://www.fludir.is/is/thjonusta/skolar-og-born/undraland>
- Frístundastarf - <https://www.fludir.is/is/thjonusta/skolar-og-born/fristundastarf>
- Frístundastyrkur- <https://www.fludir.is/static/files/samthyktir/fristundastyrkir-reglur-2024.pdf>

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- Grunnskólinn <https://www.skeidgnup.is/is/stofnanir/thjorsarskoli> ,
- Leikskólinn <https://www.skeidgnup.is/is/stofnanir/leikskolinn-leikholt>
- Skólaakstur <https://thjorsarskoli.is/skolinn/almennar-upplysingar/skolaakstur/>
- Tórstundastyrkur [-https://www.skeidgnup.is/is/ithrottir-og-utivist/tomstundastyrkur](https://www.skeidgnup.is/is/ithrottir-og-utivist/tomstundastyrkur)

Tónlistarskólar - Sveitarfélög í Árnessýslu reka í sameiningu [Tónlistarskóla Árnesinga](#) sem hefur höfuðstöðvar á Selfossi. Einnig er hægt að nema músík hjá [Tónsmiðju Suðurlands](#)

Framhaldsskólar

- Menntaskólinn að Laugarvatni - framhaldsskóli og heimvistarskóli - <https://ml.is/>
- Fjölbrotaskóli Suðurlands Selfossi - <https://www.fsu.is/> Skólaakstur er á vegum FSU

Sérstakar bætur

Réttur til greiðslna frá atvinnuleysistryggingasjóði er að finna á vef [Vinnumálastofnunar](#)

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, sími **480 1180**, veitir félagslega aðstoð af ýmsu tagi. Þar á meðal er fjárhagsaðstoð og stuðningsþjónusta, einnig nefnd félagsleg heimþjónusta. Í félagslegri heimþjónustu er m.a. veitt aðstoð við heimilishald, svo sem þrif, auk þess sem veitt er aðstoð við persónulega umhirðu og við umönnun barna og ungmenna.

- [Félagsþjónusta](#)
- [Húsnæðisbætur](#)

4. Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar

Bláskógabyggð

- Íþróttamiðstöðin Reykholt - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/reykholtslaug/>
- Íþróttamiðstöðin Laugarvatn - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/laugarvatn/>

Hrunamannahreppur

- Sundlaugin á Flúðum - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/fludir/>
- Íþróttahúsið Flúðum - <https://www.facebook.com/ithrottahusidfludum/>

Grímsnes- og Grafningshreppur

- Sundlaugin Borg - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/borg-grimsnesi/>
- Íþróttamiðstöð Borg - <https://www.gogg.is/is/thjonusta/ithrottir-og-utivist/sundlaug>

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- Neslaug - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/neslaug/>
- Skeiðalaug - <https://sundlaugar.is/sundlaugasafn/skeidalaug-2/>
- [Líkamsrækt við Skeiðalaug](#)

5. Heilbrigðisþjónusta á Íslandi

Neyðarsímanúmer á Íslandi er **112** einnig má hafa samband við neyðarlínu í gegnum vefsíðu á 112.is

[Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi](#)

Símanúmer: 432-2000

Vaktsími : 1700

[Tímabókanir á heilsuvera](#) eða í síma á opnunartíma

Heilsugæslan á Laugarási <https://island.is/s/hsu/hsu-laugaras>

Nauðsynlegt er að skrá sig á tiltekna heilsugæslustöð

Almennar upplýsingar um skráningar og breytingar á heilsugæslustöð er á vefsíðu Island.is

Tannlæknar – starfa sjálfstætt á Íslandi og finnur fólk sér sjálft tannlækni.

Hægt er að finna yfirlit yfir starfandi tannlækna á [vefsíðu Tannlæknafélags Íslands](#)

Almennar upplýsingar um tannheilsu er að finna á [vefsíðu Heilsuveru](#)

Tannheilsa barna – Foreldrar eru hvattir til að panta tíma í fyrstu tannskoðun þegar barnið er tveggja ára. Upplýsingar um tannlækningar barna er að finna á síðu um tannheilsu á [Heilsuveru](#)

Almennar upplýsingar um greiðsluþátttöku ríkis vegna tannlækninga er að finna á Island.is

Íbúar með erlendan bakgrunn eiga rétt á [túlkajónustu](#) vegna heilbrigðisþjónustu, samskipta við lögreglur og dómstóla.

6. Íslenskukennsla

Að kunna tungumálið getur auðveldað þér leið inn í samfélagið og skapað fleiri tækifæri til dæmis á atvinnumarkaðnum.

Hægt er að læra Íslensku:

- [Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi](#)
- [Tungumálatorgið](#)
- [Háskóli Íslands](#) – Íslenska sem annað mál
- [Góðar heimasíður](#) fyrir íbúa með erlendan bakgrunn sem eru að læra íslensku

7. Að starfa á Íslandi

Vinnumarkaðurinn er vettvangur atvinnurekenda og launafólks. Leikreglur hans eru settar í lögum og kjarasamningum sem segja til um gagnkvæmar skyldur vinnuveitenda og starfsmanna.

Almennar upplýsingar um vinnumarkaðinn er að finna á Island.is

Upplýsingar um kjaramál er að finna á vefsíðum [stéttarfélaganna](#). Upplýsingar um laun og kjarasamninga sem unnið er eftir á að koma fram í ráðningarsamningi.

Allar upplýsingar um kjaramál er að finna á vefsíðu Island.is

Hvaða réttindi hef ég í starfi á Íslandi?

Á Íslandi eru marvísleg réttindi bundin í lög eða reglugerðir. Ákvæði eru m.a. um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum, vinnutíma, orlofsrétt (sumarfrí eða vetrarfrí). Vernd mæðra og þungaðra kvenna, viðbrögð við einelti, áreiti og ofbeldi á vinnustað, persónuvernd, jafnrétti og ákvæði vegna uppsagnar. Kjarasamninga hafa einnig ákvæði um veikindarétt, vinnuframlag og ákvæði vegna ráðningar og uppsagnar atvinnu.

Upplýsingar um orlofsrétt er að finna á vefsíðu [Ísland.is](http://Island.is)

Upplýsingar um jafnrétti á vinnumarkaði er að finna á vefsíðu [Ísland.is](http://Island.is)

Upplýsingar um veikindarétt á vinnumarkaði er að finna á vef [Ísland.is](http://Island.is)

Starfsréttindi vegna iðnaðargreina – [Iðan fræðslusetur](http://Iðan.fræðslusetur)

Atvinnuleit – Hægt er að finna vefsíður sem auglýsa laus störf á [Ísland.is](http://Island.is)
Vinnumálastofnun fer með yfirumsjón vinnumiðlunar á landinu og sér um Atvinnuleysisbætur, Fæðingaorlofssjóð og fleiri vinnumarkaðstengdra verkefna.
[Atvinnuleyfi útlendinga](http://Atvinnuleyfi.útlendinga)

8. Verðslanir og veitingar í Uppsveitum Árnassýslu

Hér er hægt að finna lista yfir [verðslanir og veitingar](#) í Uppsveitunum.

Hvað er hægt að gera í Uppsveitunum

Upplýsingar um ýmsar uppákomur innan sveitarfélaga má finna í upplýsingabæklingum hjá sveitarfélögum.

Einnig er sniðugt að skoða viðburðardagatöl sveitarfélaganna

- a. spilakvöld
- b. þrjónakvöld
- c. Hjónaball
- d. Þorrablót
- e. Réttarball
- f. Réttir
- g. 17. Júní
- h. Jólaball kvenfélagsins
- i. Jólatrésala
- j. Flugeldasala verður

9. Félög og önnur starfsemi

[Golfklúbburinn Flúðir](#)

Grímsnes

Laugardal – dalbúi

[Hestamannafélagið Jökull](#) - netfang: jokull@hmfjokull.is

[Kvenfélag Laugdæla](#) - netfang: kvenfelag.laugdaela@gmail.com

Kvenfélag Biskupstungna – netfang: kvenfelagbiskupstungna@gmail.com

Kvenfélag Hrunamanna – netfang: kvhrhr@gmail.com

[Kvenfélag Grímsneshrepps](#) – netfang: kvenfel@gmail.com

[Kvenfélag Skeiðahrepps](#)

[Kórar í Hrunamannahreppi](#)

Skálholtskór

Kirkjukórar – Núpskirkja (skeiða..)

Kirkjukór Laugavatni

[Leikfélagið Borg - leikfelagidborg@gmail.com](#)

[Lionsklúbburinn Geysir - Bláskógabyggð](#)

[Lionsklúbburinn Laugardals - Bláskógabyggð](#)

[Lionsklúbburinn Skjaldbreiður - Grímsnes- og Grafningshreppi - netfang: sbh14@islandia.is](#)

[Ungmennafélag Biskupstungna - stjornumfbisk@hotmail.com](#)

[Ungmennafélag Hrunamanna - netfang: umfhrun@gmail.com](#)

[Ungmennafélagið Hvöt netfang: umfhvot@gmail.com](#)

[Ungmennafélag Laugdæla](#)

Ungmennafélag Skeiða og g

[Upplýsingar um menningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi](#)

Upplýsingar um helstu afþreyingu, hátíðir, viðburði og áhugaverða staði á Suðurlandi er að finna á vefsíðu [South.is](#)

- Visit Reykjavík
- Björgunarsveitir í Uppsveitum -
- Bláskógabyggð- Biskup
- Tintron – Grímsnesi

9. Húsnæðismál

Algengasta leiðin til að byrja með er að fólk leigir á almennum leigumarkaði þar sem leigt er húsnæði í einkaeigu.

Hér er hægt að finna almennar [upplýsingar um leiguhúsnæði](#)

Upplýsingar um fyrirkomulag er að finna hér

[Ísland.is](#)

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun](#)

[Fjölmenningarsetur](#)

[Leigjendaaðstoðin](#)

Skipulagsembætti laugavatni

10. Réttindi barna

Sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu eru öll fjölskylduvæn samfélög. Öll börn á Íslandi njóta réttinda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Almennar upplýsingar um velferð barna má finna á síðu [heilsuveru](#)

Samkvæmt íslenskum lögum eiga foreldrar að sýna barni sínu umhyggju og virðingu og sinna uppeldisskyldum sínum eins og best hentar þörfum barnsins.

Hægt er að tilkynna brot á þessum skyldum til [Barnaverndarþjónustu Uppsveita Árness og Flóa](#).

Almennar upplýsingar um [Ungbarnavernd](#)

þjónusta og úrræði fyrir börn og fjölskyldur – [Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna](#)

Hægt er að finna ýmsar upplýsingar á [Ísland.is](#) varðandi fjölskyldu og velferð á Íslandi. Þar á meðal upplýsingar um Fæðingarorlof, forsjá barna, giftingu, skilnað og aldraða. Ofbeldi hvort sem það er á vinnustað, á heimili í skóla eða annarsstaðar er ekki liðið á Íslandi og geta þolendur sótt sér hjálp.

[Hér eru gagnlegir hlekkir](#)

11. Samgöngur og ökuskrteini

Mismunandi reglur gilda fyrir fólk utan EES og þá sem eru innan EES eða frá Japan og Bretlandi varðandi það að skipta erlendu ökuskrteini í íslenskt. [Hér má finna upplýsingar um það](#).

Hægt er að byrja að læra á bíl við 16. ára aldur. Hérna eru upplýsingar um [ökunám](#) og einnig er hægt að finna upplýsingar á [Ísland.is](#)

Hér má finna upplýsingar varðandi [Almenningssamgöngur Strætó.is](#)

[Almenningssamgöngur um Selfoss](#)

[Gagnlegir hlekkir](#) varðandi samgöngur á Íslandi